

## SAMÞYKKT

### um fiðurfé í Rangárþingi eystra utan skipulagðra landbúnaðarsvæða.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið og markmið.*

Samþykkt þessi gildir um fiðurfé í Rangárþingi eystra á svæðum öðrum en skipulögðum landbúnaðarsvæðum og skráðum lögbýlum.

Samþykktin er sett til að tryggja öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna fiðurfjár í Rangárþingi eystra.

Fiðurfé er samkvæmt þessari samþykkt allir fuglar af hænsna og andaætt. Jafnframt nær samþykktin yfir dúfnahald.

#### 2. gr.

##### *Leyfisveitingar og takmarkanir.*

Áður en fuglahald hefst er skylt að sækja um leyfi hjá skipulags- og umhverfisnefnd. Telji skipulags- og umhverfisnefnd að skilyrði til að halda fiðurfé séu fyrir hendi getur hún veitt lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til að halda ákveðinn fjölda fugla á lögheimili sínu til tiltekins tíma.

Skilyrði leyfisveitinga eru:

- að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda liggi fyrir nema að skilyrði í f-lið 2.3.5. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sé uppfyllt,
- að umsækjandi hafi ekki gerst brotlegur við lög um velferð dýra nr. 55/2013,
- að fyrir liggi samþykki sameigenda eða leigjanda ef um fjöleignarhús er að ræða. Sama á við ef um er að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala,
- að fyrir liggi samþykki íbúa nærliggjandi húseigna/lóða sem eiga hagsmuna að gæta,
- að ganga skal úr skugga um að hænsnahald eða annað fuglahald hafi ekki verið sérstaklega bannað eða þinglýstar kvaðir séu á húseignum sem koma í veg fyrir að þar sé haldið fiðurfé,
- óheimilt er að halda hana (karlkyns hænsn),
- óheimilt er að halda fugla af gæsategund.

#### 3. gr.

##### *Fjöldi.*

Leyfilegt er að halda hænur og endur að hámarki alls sex fugla á sömu lóð. Hvað varðar dúfnahald er leyfilegt að halda að hámarki sex dúfur á sömu lóð.

#### 4. gr.

##### *Aðbúnaður.*

Um almennan aðbúnað og velferð dýra gilda ákvæði laga um velferð dýra nr. 55/2013 og þar að lútandi reglugerðir um velferð alifugla nr. 88/2022 og um velferð gæludýra nr. 80/2016.

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til þess að vera með fiðurfé þarf að vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda af fuglum sem leyfi er veitt fyrir. Kofi fyrir 6 fugla þarf að vera að lágmarki 3 m<sup>2</sup> að stærð.

Í kringum fuglakofa skal vera fuglaheld girðing, hæfilega stórt gerði fyrir útiveru fuglanna sem fullnægir náttúrulegum þörfum þeirra samkvæmt þar að lútandi reglugerðum um velferð alifugla nr. 88/2022 og um velferð gæludýra nr. 80/2016. Fuglakofi og gerði skulu vera vel innan lóðarmarka viðkomandi lóðar, að lágmarki 3 m. Kofi skal vera meindýraheldur og fóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Til að fyrirbyggja að mýs komist í fóður skulu ílát vera í a.m.k. 35 cm hæð frá jörðu og vera u.þ.b. 60 cm djúp.

Aðgengi að vatns- og/eða sandbaði skal vera til staðar fyrir fuglana og fylgja ákvæðum reglugerðar um velferð alifugla nr. 88/2022.

## 5. gr.

*Þrif.*

Þrifa skal kofa að lágmarki vikulega.

Skít skal fjarlægja við daglega umhirðu og hann má ekki safnast upp. Hæsnaskít skal farga eða nýta á löglegan hátt. Þegar mokað er úr húsum skal koma hæsnaskít fyrir í lokuðum umbúðum þannig að hann valdi ekki lyktarmengun. Þegar hæsnaskítur er nýttur sem áburður skal plægja hann þannig niður að hann liggji ekki á yfirborðinu. Ef ekki er unnt að nýta skít skal flytja hann í lokuðum umbúðum á móttökustöð fyrir lífrænan úrgang.

## 6. gr.

*Myrkvun.*

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða frá fuglum ber að hafa myrkur hjá þeim frá kl. 21.00 til kl. 07.00 alla daga.

## 7. gr.

*Ábyrgð.*

Lausaganga fiðurfjár er með öllu óheimil og ber eigandi fulla vörsluskyldu.

Eigandi fiðurfjár er að öllu leyti ábyrgur fyrir sínum fuglum og ber að koma í veg fyrir að dýrin valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar. Eiganda ber að sjá til þess að fuglahaldið laði ekki að meindýr.

## 8. gr.

*Handsömun.*

Sleppi fuglar frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama þá. Fiðurfé sem er laust, utan girðinga, skal færa í dýrageymslu á vegum sveitarfélagsins. Ef fuglanna er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun er heimilt að ráðstafa þeim til nýs eiganda eða selja fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skulu fuglar aflífaðir.

## 9. gr.

*Kostnaður við handsömun.*

Hafi fugl verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni greiðslu áfallins kostnaðar. Sé eigandi ekki með leyfi til að halda fiðurfé skal afla leyfis og greiða fyrir það áður en afhending á sér stað.

Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun fiðurfjár skal að fullu greiddur af eiganda fiðurfjár.

## 10. gr.

*Sjúkdómar.*

Komi upp sjúkdómar eða smithætta sem að mati sóttvarnalæknis eða yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hætta hæsnahaldi tafarlaust og farga fuglum í samráði við skipulags- og umhverfisnefnd.

## 11. gr.

*Villt dýr.*

Óheimilt er að laða að sér og/eða halda villt dýr samanber lög um velferð dýra nr. 55/2013.

## 12. gr.

*Eftirlit.*

Eftirlit með því að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt er í höndum heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rangárþing eystra fer með framkvæmd samþykktarinnar í umboði skipulags- og umhverfisnefndar. Rangárþing eystra getur ráðið dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sínum hlutverk dýraeftirlitsmanna. Dýraeftirlitsmenn starfa undir eftirliti og á ábyrgð skipulags- og umhverfisnefndar.

Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar Matvælastofnunar og lögreglu yfirvalda við að fjarlægja óleyfis-  
dýr þegar þörf krefur, t.d. ef nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis-  
og öryggissjónarmiða.

13. gr.

*Afturköllun leyfis.*

Skipulags- og umhverfisnefnd getur afturkallað leyfi til fuglahalds samkvæmt samþykkt þessari  
ef fuglahaldið veldur ónæði í umhverfinu, leyfishafi hefur gerst brotlegur við lög um velferð dýra nr.  
55/2013 eða brotið er gegn samþykkt þessari.

14. gr.

*Þvingunarúrræði.*

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer skv. XVII.  
og XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

*Gjaldtaka.*

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá í samræmi við 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti  
og mengunarvarnir, til að standa straum af kostnaði vegna framfylgdar á samþykkt þessari. Í gjaldskrá  
eru upplýsingar um leyfis- og eftirlitsgjöld og þann kostnað sem leyfishafi skal bera og kann að hljóttast  
af handsömum, fóðrun og hýsingu fuglanna.

16. gr.

*Úrskurðarnefnd.*

Um kæruheimildir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna samþykktar þessarar  
fer skv. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

17. gr.

*Staðfesting og gildistaka.*

Samþykkt þessi sem samþykkt var af heilbrigðisnefnd Suðurlands 28. júní 2022, skipulags- og  
umhverfisnefnd 13. september 2022 og sveitarstjórn 12. janúar 2023, staðfestist hér með samkvæmt  
2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. desember 2023.*

F. h. r.

**Gunnlaug Helga Einarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Trausti Ágúst Hermannsson.*